

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna Tækniskólans nær til alls starfsfólks skólans. Skólameistari ber ábyrgð á jafnlaunastefnunni.

Tækniskólinn gætir fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allt starfsfólk fær greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf. Það er stefna Tækniskólans að laun og önnur kjör séu samkeppnishæf við sambærileg störf á markaði.

Tækniskólinn skuldbindur sig til þess að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur ÍST 85:2012 staðalsins. Skólinn hefur innleitt verklag og skilgreint launaviðmið til að tryggja að starfsfólk fái greitt fyrir störf sín út frá verðmæti starfa óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.

Skólameistari ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Tækniskólans og að það standist lagalegar kröfur varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Mannauðsstjóri er fulltrúi skólameistara varðandi jafnlaunakerfið og er ábyrgur fyrir starfrækslu þess í samræmi við ÍST 85:2012 staðalinn. Mannauðsstjóri er ábyrgur fyrir að stjórnendur sem koma að launaákvörðunum í Tækniskólanum séu vel upplýstir um jafnlaunakerfið, verklagsreglum því tengdu sem og lögum og reglum sem gilda í jafnlaunamálum.

Markmið jafnlaunakerfis skólans eru útfærð í **STS-015 Jafnréttisstefna og -áætlun**.